

Nefndasvið Alþingis
Utanríkismálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 7. apríl 2026

Efni: Umsögn BSRB um tillögu til þingsályktunar um þjóðaratkvæðagreiðslu um framhald viðræðna um aðild Íslands að Evrópusambandinu, 516. mál

Ákvörðun um hvort Ísland haldi áfram aðildarviðræðum við Evrópusambandið er stór og varðar hagsmuni alls samfélagsins. Þess vegna er eðlilegt að efna til þjóðaratkvæðagreiðslu á þessu stigi máls, um það hvort aðildarviðræðum verði haldið áfram og ef til viðræðna kemur verði greidd atkvæði um aðild að þeim loknum. BSRB tekur ekki afstöðu til þess hvort þjóðin eigi að ganga í Evrópusambandið, en styður að gengið verði til þjóðaratkvæðagreiðslu um áframhaldandi viðræður. Algert grundvallaratriði er að þjóðin komi að ákvörðunartöku í jafn mikilvægu máli.

Alþjóðasamstarf hefur um áratuga skeið verið stór áhrifaþáttur velsæðar á Íslandi, bæði efnahagslega og félagslega. Í tillögunni er vísað til breytts veruleika í alþjóðasamfélaginu sem hvata fyrir því að viðræðum verði haldið áfram. Þessi staða skiptir verulegu máli, en BSRB leggur áherslu á að umræða um þjóðaratkvæðagreiðslu og mögulega aðild Íslands verði tekin á breiðari grunni, með efnahagslega og félagslega hagsmuni almennings og samfélagsins alls að leiðarljósi. BSRB hvetur því stjórnvöld til að huga að þessum sjónarmiðum og halda þeim á lofti í aðdraganda atkvæðagreiðslu.

Í greinargerð með tillögunni er vísað til samningsmarkmiða Íslands og þar m.a. nefnt að tryggja lýðræðislegan rétt til að stýra almannaþjónustu á félagslegum grunni og að standa vörð um réttindi launafólks og vinnurétt. Ísland hefur lengi átt í nánú samstarfi við Evrópusambandið í gegnum samninginn um evrópska efnahagsvæðið og hafa miklar framfarir orðið á sviði vinnuréttar í gegnum hann. Þar má nefna frjálsa för launafólks og þjónustu og ýmsa löggjöf sem snertir vinnumarkaðinn, jafnréttismál og félagsleg réttindi. Þó er ýmislegt í þessum málaflokkum sem er undanskilið í EES samningnum. Þar má m.a. nefna löggjöf á sviði jafnréttismála í víðum skilningi og frekari samhæfingu á sviði félagsmála. Þessi atriði þarf að skoða vel, tryggja áfram réttindi launafólks og jafnframt standa vörð um íslenska vinnumarkaðsmódelið sem byggir á því að leikreglur á vinnumarkaði, kjör og réttindi launafólks séu ákveðin af aðilum vinnumarkaðarins en jafnframt sé samvinna milli þeirra og stjórnvalda. Komi til viðræðna skipta efnahagsmál einnig máli, en aukinn stöðugleiki í efnahagsmálum og lægra vaxtastig eru mikið hagsmunamál fyrir launafólk.

BSRB leggur ríka áherslu á að stjórnvöld hafi náð samráð við samtök launafólks og aðra aðila vinnumarkaðarins þegar kemur að því að móta frekari samningsmarkmið. Sérþekking á vinnumarkaði og félagslegum málefnum liggur hjá okkur. Þar að auki á verkalýðshreyfingin í miklu

og góðu samstarfi við samtök launafólks í Evrópu og systursamtök víða um álfuna, ekki síst á Norðurlöndunum, og tekur BSRB jafnframt þátt í samstarfi á vegum EFTA. Verði niðurstaða þjóðaratkvæðagreiðslu að halda viðræðum áfram þurfa stjórnvöld jafnframt að vera í góðu samstarfi við heildarsamtök launafólks, upplýsa reglulega um stöðuna og leita ráðgjafar varðandi útfærslur. Þríliða samstarf stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins er skrifað inn í sáttmála ESB og því er sjálfsagt og eðlilegt að íslensk stjórnvöld viðhafi sömu vinnubrögð í tengslum við þjóðaratkvæðagreiðslu og ef til viðræðna kemur.

Að lokum ítrekar BSRB stuðning sinn við fyrirhugaða þjóðaratkvæðagreiðslu og lýsir yfir fullum vilja til samráðs og samstarfs áður en af atkvæðagreiðslu verður og ef kemur til aðildarviðræðna.

Fyrir hönd BSRB



Dagný Aradóttir Pind

lögfræðingur